



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 28. apríl 2014

1312013SA GB  
Málalykill: 240

**Efni: Umsögn um frumvörp um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána, 485. mál, og um ráðstöfun séreignarsparnaðar til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar, 484. mál**

Vísað er til tölvupósta frá nefndasviði Alþingis, dags. 3. og 9. apríl sl., þar sem ofangreind þingmál voru send til umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Umrædd tvö frumvörp eru liður í framkvæmd þingsályktunar um aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi. Um er að ræða stórtækar tillögur sem hafa munu margvísleg áhrif á héraðan efnahag, þar á meðal rekstur sveitarfélaga.

Í meðfylgjandi minnisblaði sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 18. febrúar 2014, er farið ítarlega yfir fjárhagsleg áhrif frumvarpsins á sveitarfélögin. Niðurstöður í töflu 4 á bls. 7 í minnisblaðinu gefa til kynna að heildaráhrif fyrir sveitarfélögin vegna aðgerða í húsnæðismálum geti numið á bilinu 8 - 9 milljörðum króna fyrir sveitarfélögin í heild. Þar af vegur langtímatekjutap sveitarfélaga rúmlega 10 milljörðum en tekjutap til skamms tíma, þ.e. á árunum 2014-2017 er áætlað nærri 1,6 milljarðar. Á móti vegur áætlaður tekjuauki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna hlutdeildar hans í auknum skatttekjum ríkissjóðs, alls um 3,2 milljarðar á árunum 2014-2017. Þó verður að setja þann fyrirvara að bæði liggja ekki allar upplýsingar fyrir sem skipta máli um framkvæmd aðgerðanna og einnig er eftir að leggja mat á þjóðhagsleg og önnur afleidd áhrif aðgerðanna er varða sveitarfélögin.

Jafnframt verður að minna á að áhrif frumvarpanna munu hafa misjöfn áhrif á einstök sveitarfélög. Þannig má vænta þess að tekjuaukning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna aðgerðanna, sem er áætluð um 816 m.kr. á ári á árunum 2014 til 2017, komi misjafnlega út fyrir einstök sveitarfélög. Sú hlið málsins kallar á sértæka skoðun og greiningu sem ekki hefur verið unnin.

Afstaða sambandsins til ofangreindra frumvarpa tekur mið af því að þau munu hafa umtalsverð fjárhagsleg áhrif fyrir sveitarfélögin, þótt tekjutap sveitarfélaga muni að ákveðnu marki dreifast yfir langt tímabil. Málið kallar því á formlegar viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um það hvernig sveitarfélöginum verði bætt tekjutapið, en eins og bent er á í minnisblaðinu á bls. 3, má þá einnig taka til skoðunar tekjuaukningu sveitarfélaga vegna lækkunar framlags í séreignarsparnað á árunum 2012-2014 úr 4% í 2%, sem hafði jákvæð áhrif á tekjur og tekjuflæði sveitarfélaganna.



Þá kemur einnig fram í greinargerðum með frumvörpunum að ákveðnar aðgerðir verði útfærðar í gegnum verkefnisstjórn um framtíðarskipan húsnæðismála. Sambandið á fulltrúa í verkefnisstjórninni og mun taka fullan þátt í þeirri vinnu. Mikilvægt er að áhrif þeirra aðgerða á sveitarfélögin verði einnig metin.

Beðist er velvirðingar á því að umsögnin er send eftir að veittur umsagnarfrestur er liðinn.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri



## Minnisblað

Móttakandi: Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri

Dags.: 18. febrúar 2014

Sendandi: Gunnlaugur Júlíusson

Málsnr.: 1312013SA  
Málalykill: 240

**Efni:** Endurskoðað minnisblað um áhrif „Aðgerða í húsnæðismálum“ fyrir sveitarfélögin.

Hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga tók í desember 2013 saman minnisblað um áhrif þeirra tillagna fyrir íslensk sveitarfélög sem komu fram í skýrslunni „Höfuðstólslækkun húsnæðislána“ sem lögð var fram í nóvember sl. Síðan þá hafa ýmis gögn verið lögð fram sem varpa skýrara ljósi á aðgerðirnar og áhrif þeirra. Þar má helst nefna minnisblað fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar til borgarstjóra frá 30. janúar 2014 og viðauka 2 í Peningamálum Seðlabanka Íslands (SÍ) nr. 1/2014. Nokkuð bar t.d. á milli mats hag- og upplýsingasviðs og fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar á áhrifum aðgerðarinnar fyrir sveitarfélögin. Lagabreytingin sem samþykkt var á Alþingi þann 20. desember sl. virðist ganga lengra en reiknað var með í skýrslu sérfræðingahópsins. Hún er almenn og veitir öllum rétt til að draga 4% frá skatti vegna séreignar, óháð því hvernig fjárhæðinni er ráðstafað.<sup>1</sup>

Því þótti ástæða til að yfirfara og endurgera minnisblað hag- og upplýsingasviðs í ljósi þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir.

Aðgerðaáætlunin felur m.a. í sér að á þriggja ára tímabili verði íbúðareigendum heimilt að draga allt að 4% af launum ásamt 2% mótframlagi launagreiðenda frá skatti (upp að ákveðnu hámarki) sem megi í formi séreignar nýta til að greiða inn á höfuðstól fasteignaláns vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Einnig verða um 80 ma.kr. af innheimtu sérstaks bankaskatts nýttar til að færa niður höfuðstól húsnæðislána samkvæmt ákveðnum reglum þar um.

Við mat á áhrifum aðgerðar sem þessarar eru ýmsar forsendur sem koma til með að skipta verulegu máli um langtímaáhrif aðgerðarinnar enn óljósar. Þær skipta hins vegar verulegu máli um áhrif hennar til skemmri og lengri tíma á fjármál sveitarfélaganna. Í skýrslu SÍ koma fram ýmsar upplýsingar sem skipta töluverðu máli varðandi þær forsendur sem notaðar eru við mat á áhrifum aðgerðarinnar fyrir sveitarfélögin. Hér er því m.a. stuðst við skýrslu SÍ við mat á því hvaða áhrif þessi aðgerð hefur fyrir fjármál sveitarfélaganna eftir því sem þær liggja fyrir.

---

<sup>1</sup> Minnisblað fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar dags. 30. janúar 2014

### 1. Heildarfjárhæð í höfuðstólslækkun húsnæðisskulda.

Sí bendir á ónákvæmni í skýrslu sérfræðingahópsins (bls. 23) þar sem bæði sé talað um höfuðstólslækkun húsnæðisskulda upp á 70 ma.kr.<sup>2</sup> og 82 ma.kr.<sup>3</sup> Sí vinnur með 70 ma.kr. í sinni greiningarvinnu þar sem sú fjárhæð virðist að mati Sí vera til viðmiðunar hjá stjórnvöldum við mat á umfangi aðgerðarinnar. Sú fjárhæð verður því notuð við þá útreikninga sem unnið verður með í þessu minnisblaði. Þó skal bent á að 70 ma.kr. fjárhæðin felur í sér að ekki er gert ráð fyrir aukinni sparnaðarhæigð hvað snertir séreignarsparnað. Í þessu sambandi má benda á að ekki virðist liggja ljóst fyrir í skýrslu sérfræðingahópsins hvort í þessari fjárhæð sé gert ráð fyrir áhrifum húsnæðissparnaðar eða ekki. Sú staðreynd hefur í för með sér ákveðna ónákvæmni í greiningu á áhrifunum.

### 2. Sérstakar tekjur af bankaskatti

Í samantekt Sí kemur fram (bls. 24) að áætlað sé að sértækar tekjur ríkisins af bankaskattinum séu 38,5 ma.kr. á ári (eða 154 ma.kr. á fjögurra ára tímabili). Alls eru 92 ma.kr. af þeim tekjum eyrnamerktar aðgerðinni sem slíkri en það sem umfram er þá fjárhæð er hluti af almennri tekjuöflun ríkissjóðs. Því verður hér reiknað með 154 ma.kr. sem viðbótartekjum ríkissjóðs vegna sérstaks bankaskatts. Í Peningamálum Sí kemur ekki skýrt fram hvort 154 ma.kr. séu viðbót við bankaskattinn frá árinu 2013 eða hvort hann er heildarbankaskattur á árinu 2014. Þar getur skipt máli að bankaskatturinn á árinu 2013 náði ekki til föllnu bankanna og skattþrósentan var lægri árið 2013 en hún verður árið 2014. Síðan er reiknað út frá þeirri fjárhæð hvaða áhrif þessi sértæka skattheimta hefur fyrir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga þar sem hann fær 2,12% af öllum beinum og óbeinum skatttekjum ríkissjóðs. Niðurstaðan kemur fram í töflu nr. 1.

	2014	2015	2016	2017	Samtals
Sérstakur bankaskattur (ma.kr.)	38,5	38,5	38,5	38,5	154
Skatthlutfall sem rennur til JS	2,12%	2,12%	2,12%	2,12%	
Fjárhæð sem rennur til JS m.kr.	816	816	816	816	3.264

Tafla 1. Tekjuauki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna sérstaks bankaskatts.

### 3. Aukin þátttaka í séreignarsparnaði

Í áætlað miðað við þær forsendur sem unnið er út frá um aukna þátttöku í séreignarsparnaði megi ætla að aukið mótframlag hækki heildarlaunakostnað fyrirtækja um 1,3 ma.kr. á ári í þrjú ár eða sem

<sup>2</sup> Skýrsla sérfræðingahóps „Höfuðstólslækkun húsnæðislána“ frá nóvember 2013; bls. 7

<sup>3</sup> Skýrsla sérfræðingahóps „Höfuðstólslækkun húsnæðislána“ frá nóvember 2013; bls. 45-46

svarar 0,2% af heildarlaunakostnaði. Sí bendir á í því samhengi að fyrirtæki geti brugðist við hærri launakostnaði með því að hægja á ráðningum sem vega myndu á móti áhrifum á eftirspurn og verðbólgu. Sí gerir ráð fyrir að efri og neðri mörk þessara áhrifa liggi á bilinu 0,16-0,23% miðað við mismunandi forsendur um áhrif aðgerðarinnar á þátttöku launafólks í séreignarsparnaði. Í eftirfarandi útreikningum verður unnið samkvæmt fyrrgreindri áætlun Sí. Heildarlaunakostnaður A hluta sveitarfélaga á árinu 2014 er áætlaður um 118,3 ma.kr. Sé tekið sama hlutfall af þeirri fjárhæð og Sí vinnur með til að finna út aukid mótframlag sveitarfélaganna þá er útkoman  $0,2\% * 118,3 \text{ ma.kr.} = 237 \text{ m.kr.}$  á ári í þrjú ár eða 710 m.kr. samtals. Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar hefur aftur á móti reiknað með nokkuð hærri fjárhæð vegna aukinnar þátttöku í séreignarsparnaði.

#### **4. Hækkun framlags í séreignalífeyrissparnað úr 2% í 4% á árinu 2014**

Sí áætla (bls. 24) að tekjutap ríkissjóðs vegna hækkunar framlags í séreignalífeyrissparnað úr 2% í 4% á árinu 2014 verði um 1,8 ma.kr. Þannig er hægt að áætla að tekjutap sveitarfélaganna vegna þessa verði um 0,9 ma.kr. á árinu 2014 miðað út frá áætluðu tekjutapi ríkissjóðs. Í þessu sambandi er erfitt að leggja mat á hve stór hluti þessara áhrifa geti verið vegna sérstaks hvata af aðgerðum ríkisstjórnarinnar til sparnaðarauka.

Í þessu sambandi er rétt að minnst á að lækkun framlags í séreignarsparnað á árunum 2012-2014 úr 4% í 2% hafði áhrif á tekjur og tekjuflæði sveitarfélaganna. Sveitarfélögin fengu útsvarstekjur af mismuninum fyrr en ella hefði orðið. Sé miðað við sömu forsendur og notaðar eru þegar áhrif þess að hækka þak á framlagi í séreignalífeyrissparnað úr 2% í 4% eru reiknuð út þá er hægt að leiða að því líkur að um sé að ræða 1,8 ma.kr. á árinu 2012, 1,8 ma.kr. á árinu 2013 og 0,9 ma.kr. á árinu 2014. Samtals gæti því verið um að ræða nálægt 4,5 ma.kr. Það voru útsvarstekjur sem skiluðu sér til sveitarfélaganna á árunum 2012-2014 í stað þess að dreifast yfir áratuga langt tímabil með þeirri óvissu sem hlýtur að vera um ávöxtun séreignarsparnaðar á svo löngum tíma.

#### **5. Hlutur sveitarfélaga gegnum skattaeftirgjöf**

Einstaklingar sem skulda húsnæðislán munu geta nýtt séreignarsparnað sinn skattfrjálst til að lækka höfuðstól lánanna. Jafnframt munu þeir sem ekki eiga húsnæði geta ráðstafað séreignalífeyrissparnaði sínum inn á sérstaka húsnæðissparnaðarreikninga með sömu skattaívilnunum. Endanleg útfærsla þessara aðgerða liggur ekki fyrir enn og því erfitt að meta áhrif þeirra fyrir sveitarfélögin. Opinberi geirinn fær ekki skatttekjur af þeim fjárhæðum sem nýttar verða á þennan hátt. Ríkissjóður gefur eftir tekjuskatt og sveitarfélögin útsvar. Samkvæmt Sí

er tekjutap ríkissjóðs<sup>4</sup> í gegnum skattaeftirgjöf er metinn 28 ma.kr. (40% \* 70 ma.kr.). Er þá miðað við miðþrep tekjuskattsins.<sup>5</sup> Miðað við sömu aðferðafræði er þá tekjutap sveitarfélaganna nálægt 10,1 ma.kr. (14,44% meðalútsvar \* 70 ma.kr.). Í þessu sambandi er rétt að minna á að af 14,44% meðalútsvari þá renna 0,77%stig (grunnskólaframlag) og 0,99%stig (framlag vegna þjónustu við fatlað fólk) til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. JS deilir þessum fjármunum aftur út til sveitarfélaganna eftir ákveðnum reglum þar um. Því munu áhrif þessarar aðgerðar snerta einstök sveitarfélög nokkuð misjafnlega vegna mismikillar þýðingu JS fyrir einstök sveitarfélög. Þessi áhrif hafa ekki verið reiknuð út.

Áhrif þessarar aðgerðar munu koma við sveitarfélögin á tvennan hátt. Í fyrsta lagi munu sveitarfélögin fá minni útsvarstekjur en ella frá miðju ári 2014 fram til miðs árs 2017 vegna þess að fleiri munu ráðstafa séreignarsparnaði inn á fasteignalán eða húsnæðissparnað í stað þess að leggja hann í séreignarsjóð eða greiða skatta til ríkis og sveitarfélaga. Jafnframt er líklegt að þeir sem hefðu sparað hvort sem er muni spara meir en áður. Færa má fyrir því nokkur rök að meðalsparnaðarhlutfall hækki úr 3% og færist nær 4%. Því munu áhrif aðgerðarinnar fyrir sveitarfélögin koma strax fram á árunum 2014-2017 í lægri útsvarstekjum en ella hefði orðið.

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar<sup>6</sup> hefur áætlað að útsvarstekjur Reykjavíkurborgar dragist saman um ca 400 m.kr. á ári á árunum 2015 fram á mitt ár 2017. Samtals er því gert ráð fyrir að tekjur borgarinnar dragist saman vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar í húsnæðismálum um 1 ma.kr. á árunum 2015-2017 á verðlagi ársins 2014. Sé áætlun Reykjavíkurborgar færð upp fyrir landið í heild sinni þá er hægt að áætla að útsvarstekjur sveitarfélaganna lækki um 2,5 ma.kr. á árunum 2015 -2017 vegna aukinnar þátttöku almennings í séreignarsparnaði. Þegar 2,5 ma.kr. eru dregnir frá heildartekjutapi sveitarfélaga til langs tíma sem áætlað er að sé 10,1 ma.kr. þá standa eftir 7,5 ma.kr. Nánari sundurliðun kemur fram í töflu 4.

Raunverulegt tekjutap sveitarfélaganna vegna þessa hluta aðgerðanna mun á hinn bóginn dreifast yfir marga áratugi. Á þeim tíma munu þau ekki fá greitt útsvar af útgreiddum séreignarsparnaði eins og ella hefði orðið. Hér er reiknað með 36 árum. Erfitt er að setja upp rökstudda áætlun um á hvern hátt tekjutap sveitarfélaganna muni dreifist yfir fyrrgreint tímabil. Það verður því ekki gert hér. Á hinn bóginn er hér sett upp dæmi um dreifingu tekjutapsins gegnum árin sem ákveðna

---


<sup>4</sup> Í skýrslu Sí er einvörðungu talað um tap ríkissjóðs í þessu sambandi (bls. 23). Það ætti að öllum líkindum að vera „tekjutap ríkis og sveitarfélaga“. Þeir 10,1 ma.kr. sem eru reiknaðir út sem hlutur sveitarfélaga hér eru þá hluti af fyrrnefndum 28 ma.kr.

<sup>5</sup> Peningamál Seðlabanka Íslands 2014/1; Viðauki 2; bls. 23.

<sup>6</sup> Minnisblað fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar dags. 30. janúar 2014

nálgun. Þessi nálgun er vitaskuld einungis einn kostur af mörgum. Hún er á hinn bóginn sett upp sem ein forsenda núvirðingar á áhrifum aðgerðarinnar. Hægt er að setja upp fleiri möguleika í þessu skyni til glöggvunar á því hvaða áhrif mismunandi dreifing tekjutapsins hefur á niðurstöður úr núvirðingarútreikningum. Dreifingin er sett upp á þann hátt að á myndinni kemur fram hve há fjárhæð hefði komið sveitarfélögunum til tekna á hverju ári á 36 ára tímabili. Niðurstaðan er birt á mynd 1.

**Mynd 1. Áætlun um dreifingu á endurgreiðslu séreignarsparnaðar yfir 36 ár (m.kr).**



## 6. Áhrif vaxtamunar við núvirðingu

Hér að framan hefur verið reiknað út að sveitarfélögin tapi útsvarstekjum, sem svarar 10,1 ma.kr., við að séreignarsparnaður verði notaður til að greiða niður húsnæðislán eða til uppsöfnunar á skattlausum húsnæðissparnaðarreikningum. Áhrifin munu bæði koma fram sem tekjutap á árunum 2014-2017 vegna þess að mjög sterkar líkur eru á að sparnaður vaxi á því tímabili vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar og tillangs tíma þegar sveitarfélögin munu ekki fá útsvar af útgreiðslu séreignarsparnaðar. Hér er unnið með 36 ár í því sambandi.

Við mat á kostnaðaráhrifum þessarar aðgerðar fyrir sveitarfélögin hefur verið gengið út frá þeirri forsendu að raunávöxtun séreignasjóða og raunvextir sveitarfélaga af langtímaskuldbindingum séu jöfn, þ.e. að tekjur og gjöld jafnist út í þessu samhengi. Rétt er þó að skoða hvaða áhrif það hefur ef sú forsenda stenst ekki. Hér er sett upp dæmi um hver áhrifin verða við mismunandi mikil frávík ef raunávöxtun

séreignasjóða er lægri en raunvextir langtímaskuldbindinga sveitarfélaga.

**Tafla 2. Núvirt tekjutap sveitarfélaga m.v. mismunandi vaxtaforsendur**

	2014	2015	2016	2017	Til framtíðar
Tekjuauki JS	816	816	816	816	3.264
Tekjut. svfél. v. hækkunar framl. í séreignasp. úr 2% í 4% árið 2014	-900				-900
Aukin þátttaka starfsmanna sveitarfélaga í séreignasparnaði	-118	-236	-236	-118	-710
Lækkun útsvarstekna sveitarfélaga vegna aukningar á séreignasparnaði		-1.000	-1.000	-500	
Tekjutap sveitarfélaga til langs tíma vegna aðgerða í húsnæðismálum					-10.100
<b>Samtals</b>	<b>-202</b>	<b>-420</b>	<b>-420</b>	<b>198</b>	<b>-8.446</b>

Mismunur í ávöxtun	Fjárhæð	Mismunur
0%	10.100	0
1,00%	8.019	2.081
2,00%	6.484	3.616
3,00%	5.285	4.815
4,00%	4.342	5.758
5,00%	3.594	6.506

Í töflu 3 er síðan sett upp annað dæmi þar sem fram kemur hver áhrifin verða ef þau eru öndverð, þ.e. ef ávöxtun séreignarsparnaðar verður hærri en raunvextir langtímaskuldbindinga sveitarfélaga.

**Tafla 3. Núvirtur tekjuauki sveitarfélaga m.v. mismunandi vaxtaforsendur**

Mismunur í ávöxtun	Fjárhæð	Mismunur
0%	10.100	0
0,50%	11.203	1.103
1,00%	12.577	2.477
1,50%	14.151	4.051
2,00%	15.958	5.858
2,50%	18.306	8.206

Hér er ekki sett fram áætlun um hverjar séu mestar líkur á útkomu í þessum efnum, heldur einungis bent á hvað það hefur mikil áhrif á endanlega niðurstöðu miðað við 36 ára endurgreiðslutíma og fyrrgreindar forsendur um dreifingu greiðsla ef munur er á ávöxtun séreignasjóða og vaxtakröfu á langtímaskuldbindingum.

## 7. Samandregið yfirlit

Heildaráhrif aðgerða til „Höfuðstólslækkunar húsnæðislána“ á fjármál sveitarfélaganna til skemmri og lengri tíma eru dregin fram í töflu 4.

**Tafla 4. Heildaráhrif aðgerðanna á fjármál sveitarfélaganna.**



	2014	2015	2016	2017	Til framtíðar
Tekjuauki JS	816	816	816	816	3.264
Tekjut. svfél. v. hækkunar framl. í séreignasp. úr 2% í 4% árið 2014	-900				-900
Aukin þátttaka starfsmanna sveitarfélaga í séreignasparnaði	-118	-236	-236	-118	-710
Lækkun útsvarstekna sveitarfélaga vegna aukningar á séreignasparnaði		-1.000	-1.000	-500	
Tekjutap sveitarfélaga til langs tíma vegna aðgerða í húsnæðismálum					-10.100
<b>Samtals</b>	<b>-202</b>	<b>-420</b>	<b>-420</b>	<b>198</b>	<b>-8.446</b>

Niðurstöður í töflu 4 gefa til kynna að heildaráhrif fyrir sveitarfélögin vegna aðgerða í húsnæðismálum geti numið nálægt 8,5 ma.kr. Þegar þau eru metin til skamms og langs tíma. Þar sem niðurstöðurnar eru háðar svo miklum óvissupáttum þá eru ekki forsendur til að setja fram eina ákveðna niðurstöðu (heildarfjárhæð) um samanlögð áhrif aðgerðanna fyrir sveitarfélögin í heild sinni. Niðurstaðan hlýtur því að vera sú að líkur bendi til að samandregin niðurstaða liggja innan ákveðinna marka. Út frá niðurstöðum í töflu 4 og þeim forsendum sem fyrir liggja er því hægt að draga þá ályktun að heildaráhrif þess hluta aðgerða í húsnæðismálum, sem hér hefur verið rýndur, geti legið á bilinu 8 - 9 ma.kr. fyrir sveitarfélögin í heild sinni. Þá verður að setja þann fyrirvara að bæði liggja ekki allar upplýsingar fyrir sem skipta máli um framkvæmd aðgerðanna og einnig er eftir er að leggja mat á þjóðhagsleg og önnur afleidd áhrif aðgerðanna er varða sveitarfélögin. Að lokum verður að minna á að áhrif tekjuaukningar JS munu að öllum líkindum koma misjafnlega út fyrir einstök sveitarfélög. Þar af leiðir að áhrif fyrrgreindra aðgerða munu snerta einstök sveitarfélög á mismunandi hátt. Sú hlið málsins kallar á sértæka skoðun og greiningu sem ekki hefur verið unnin. Inn í þetta uppgjör hefur heldur ekki verið tekið tillit til áhrifa þess fyrir sveitarfélögin að hámark framlags til séreignarsparnaðarreikninga var lækkað úr 4% af launum í 2% sem átti sér stað á árunum 2012, 2013 og fram á mitt ár 2014 eins og fyrr hefur verið komið inn á.

## 8. Að lokum

Ekki liggur enn fyrir útfærsla á öllum þeim atriðum sem skipta máli við framkvæmd málsins og áhrif þeirra fyrir sveitarfélögin í landinu. M.a. á eftir að leggja fram ýmis frumvörp til laga sem eru liður í endanlegri útfærslu aðgerðanna. Fjármála- og efnahagsráðuneyti mun vinna kostnaðarmat á áhrifum aðgerðanna er varðar sveitarfélögin í tengslum við vinnslu frumvarpanna.

Um heildaráhrif skuldalækkunarinnar ríkir óvissa að mati SÍ. Því sé erfitt sé að meta hvernig heimilin muni bregðast við framlögðum valkostum. Upplýsingar liggja þannig ekki fyrir um ýmis þau atriði sem skipta máli varðandi heildaráhrif aðgerðarinnar á fjármál sveitarfélaganna. Þegar þau liggja fyrir verður hægt að vinna enn nákvæmara mat á áhrifum aðgerðanna fyrir sveitarfélögin. Slíkt mat verður bæði að vinna fyrir sveitarfélögin í heild sinni og eins verður í því sambandi að taka tillit til mismunandi stöðu ákveðinna

sveitarfélaga gagnvart Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þó virðist vera hægt að slá því föstu að áhrif þessara aðgerða verða meiri og víðtækari fyrir sveitarfélögin í heild sinni og einstök sveitarfélög en hægt er að lesa út úr skýrslu sérfræðingahópsins sem vann skýrsluna „Höfuðstólslækkun húsnæðislána“ sem kom út í nóvember 2013 á vegum forsætisráðuneytisins.

GAJ